STJÓRNARTÍÐINDI A 9 — 1977

Nr. 56. 190 9. ágúst 1977.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar sbr. lög nr. 96/1971, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og bráðabirgðalög nr. 53/1977.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn bæri til að setja lög um breyting á lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar sbr. lög nr. 96/1971, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og bráðabirgðalög nr. 53/1977. Sé þetta gert í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar til þess að greiða fyrir samkomulagi um lífeyrismál sem heildarlausn í þeim kjarasamningum, sem undirritaðir voru 22. júní 1977, þess efnis að tekin yrði upp sérstök heimilisuppbót á lífeyri allra einhleypra tekjutryggingaþega, sem búa einir á eigin vegum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og bráðabirgðalög nr. 53/1977, komi ný 2. málsgr. er orðist svo:

Einhleypingi, sem nýtur óskertrar uppbótar (tekjutryggingar) samkv. 1. málsgr. og er einn um heimilisrekstur, án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, skal að auki greiða heimilisuppbót kr. 10 000.00 á mánuði. Eigi hann rétt á skertri tekjutryggingu lækkar heimilisuppbótin í sama hlutfalli.

2. gr.

1. málsliður 2. málsgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 sbr. lög nr. 96/1971 verði 3. málsgr. 19. gr.

3. gr.

2. og 3. málsliður 2. málsgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 sbr. lög nr. 96/1971 verði 4. málsgr. 19. gr. er orðist svo:

Við ákvörðun við hækkun lífeyris samkv. 1.—3. málsgr. hér að framan skulu umsóknir rökstuddar t. d. með skattaframtölum og skýrum upplýsingum um hagi bótaþega, eftir því sem spurningar á eyðublöðum fyrir umsóknir um uppbætur veita tilefni til. Hliðsjón skal höfð af því, hvort eignum bótaþega hefur verið ráðstafað með þeim hætti, að það valdi synjun hækkunar.

4. gr.

Í stað síðustu málsgreinar 19. gr. laga nr. 67/1971 sbr. lög nr. 96/1971 komi ný málsgr. er verði 5. málsgr. 19. gr. og orðist svo:

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Að fengnum tillögum tryggingarráðs setur ráðherra reglugerð um framkvæmd líf-eyrishækkunar samkv. þessari grein, þar á meðal um nánari skilyrði fyrir rétti til heimilisuppbótar.

5. gr.

Lög þessi gilda frá 1. júlí 1977.

Gjört að Bessastöðum, 9. ágúst 1977.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Matthías Bjarnason.

7. sept. 1977. Nr. 57.

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 10. október 1977.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 10. október 1977.

Um leið og ég birti þetta, er öllum sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 7. september 1977.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Geir Hallgrímsson.